

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Community Fund.

1. gr.

Nafn, heimili og varnarþing.

Sjóðurinn heitir Community Fund og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Markmið sjóðsins.

Markmið sjóðsins er að veita styrki til einstaklinga, hópa, félaga eða fyrtækja til ákveðinna skilgreindra verkefna sem stuðla að tengslamyndun, fræðslu, kennslu og umræðum um vörus- og hugbúnaðarþróun.

3. gr.

Stofnendur.

Stofnendur sjóðsins eru Kristinn Árni Lár Hróbjartsson, kt. 281289-2689, og Kristján Ingi Mikaelsson, kt. 280493-2879.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.155.000, krónur ein milljón eitt hundrað fimmtíu og fimm þúsund, sem styrktaraðilar sjóðsins leggja honum til við stofnun. Stofnféð er óskerðanlegt.

5. gr.

Fjármunir sjóðsins.

Fjármunir sjóðsins samanstanda af frjálsum framlögum frá styrktaraðilum sjóðsins en aðrar tekjur eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum áskotnast. Stjórn er heimilt að ákveða aðrar leiðir til öflunar á frekari fjárfamlögum eftir þörfum og skal samþykka þær af meirihluta stjórnar.

Fjárvarsla sjóðsins verður í höndum Landsbanka Íslands hf. eftir nánara samkomulagi.

Avöxtun sjóðsins skal fara fram með innlögn inn á innlásreikning hjá viðskiptabanka, kaupum á verðtryggðum víxlum eða verðbréfum útgefnum af ríkinu eða með ábyrgð íslenska ríkisins eða annarri sambærilegri aðferð á hverjum tíma.

Óheimilt er að veðsetja sjóðinn.

6. gr.

Úthlutun styrkja.

Styrktarfé sem sjóðurinn sækir til styrktaraðila skal úthlutað, í samræmi við markmið sjóðsins, á því reikningsári sem styrkurinn nær til. Stjórn sjóðsins veitir fé úr sjóðnum, samkvæmt nánari reglum sem settar verða af stjórn hans, að fenginni niðurstöðu úthlutunarnefndar, sbr. 9. gr.

7. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum til 2 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabilis kjósa nýja stjórn.

Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eftir því sem þurfa þykir. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Heimilt er að nota fjarfundarbúnað eða sambærilegan fjarskiptabúnað til að halda stjórnarfundi.

Stjórn sjóðsins stýrir öllum málefnum hans og gætir hagsmuna hans gagnvart þriðja aðila. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Rita skal fundargerðir um stjórnarfundi.

Stjórnarmaður skal víkja sæti úr stjórn ef umsækjandi um styrk er skyldmenni hans í þriðja lið eða aðrir sem telja verður að tengist stjórnarmanni, svo að hann geti ekki talist hlutlægur í umfjöllun sinni.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir starfa sinn.

8. gr.

Fundarboðun.

Fyrir lok maí ár hvert skal haldinn stjórnarfundur þar sem eftirfarandi mál skulu tekin fyrir:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá stöðu sjóðsins og úthlutun styrkja á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur síðasta árs lagður fram til samþykktar.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðanda.
5. Önnur mál.

Tilnefningar til kosninga í stjórn og til endurskoðunar sjóðsins þurfa að liggja fyrir hjá formanni stjórnar eigi síðar en fyrir upphaf stjórnarfundar.

Stjórnin boðar til fundar með tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti til styrktaraðila með að minnsta kosti 15 daga fyrirvara.

9. gr.

Úthlutunarnefnd og styrkveitingar.

Stjórn skipar samkvæmt tilnefningu, innan 30 daga frá stjórnarfundi skv. 8. gr., úthlutunarnefnd sem í sitja þrír til sjö einstaklingar. Kjörtímabil úthlutunarnefndar er eitt ár í senn. Rétt til tilnefningar hafa styrktaraðilar samkvæmt þátttökureglum sem stjórn setur.

Auglýsa skal styrkveitingar á alnetinu. Stjórn sjóðsins setur sér starfsreglur.

Við ákvarðanir um úthlutun ræður einfaldur meirihluti úthlutunarnefndar. Umsóknir um styrkveitingar skulu meðhöndlaðar af hlutlægni, umsagna og meðmæla skal aflað ef því er að skipta og niðurstaða úthlutunarnefndar færð í gerðarbók. Úthlutunarnefnd er heimilt að ákvarða styrkveitingar til verkefna sem hún telur verðug þótt eigi liggi fyrir umsókn af hálfu hlutaðeigandi. Ákvæði 7. mgr. 7. gr. skal jafnframt gilda um einstaka meðlimi úthlutunarnefndar.

Stjórn ber að ganga eftir því að styrkþegar nýti fjárstuðning í samræmi við markmið styrkveitingarinnar.

10. gr.

Reikningar og endurskoðendur.

Reikningar sjóðsins skulu áritaðir af stjórn hans og skoðunarmanni og samþykktir á stjórnarfundi. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabil er frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

Sjóðstjórn skal gera ársreikning fyrir 1. júní ár hvert og skal hann sendur Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári.

Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

11. gr.

Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo boríð skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 2. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

Nr. 192

20. febrúar 2017

12. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 20. febrúar 2017,

Björn Hrafinkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 9. mars 2017